

Faghópur 2
6. áfangi rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu landsvæða
1. fundur, 5.02.2026, kl. 15:00-16:30
Fundur haldinn í netheimum

Mætt: Agnes Brá Birgisdóttir (ABB), Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Bryndís Marteinsdóttir (BM), Einar Torfi Finnsson (ETF), Gunnar Þór Jóhannesson (GPJ), Hjörleifur Finnsson (HF), Hlynur Bárðarson (HB) og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ)

Fundarritari: SSJ

Fundur settur kl. 15:00

1. Kynning fulltrúa í faghópnum og erindisbréf.

Fulltrúar í faghópi kynntu sig. ÁHT fór yfir erindisbréf, starfsreglur, skipunartíma, uppgjör á tímum/vinnuframlagi og fleiri praktísk atriði.

2. Gögn faghópsins

Inn á heimasíðu Rammaáætlunar www.ramma.is er að finna mikið af gögnum og skýrslum. Öll gögn faghóps 2 fara inn á Teams svæði hans í RÁ6.

3. Veganesti frá faghópi 2 í síðasta áfanga

Inn á Teams svæði faghópsins er mappa með gögnum og minnisblöðum með ábendingum frá faghópi 2 í RÁ5 til faghóps 2 í RÁ6. Ákveðið að fara yfir þau á næsta fundi.

4. Verkefni framundan

ÁHT fór yfir helstu verkefni framundan. Föstudaginn 13. febrúar n.k. verður fundur verkefnisstjórnar með faghópum. Þann 5. júní er áformuð vettvangsverð að Vaðölduveri og Hvammsvirkjun. Faghópnum hefur auk þess borist eftirfarandi erindi frá verkefnisstjórn:

Flokkun tíu vindorkukosta úr RÁ5 með tilliti til frumvarpsdraga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Verkefnisstjórn óskar eftir að faghópar taki virkjunarkostina til frekari umfjöllunar með hliðsjón af þeim sérreglum um vindorku sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir. Skil til verkefnisstjórnar fyrir 1. júní 2026.

Tvö erindi eru væntanleg frá verkefnisstjórn til faghópa:

- Afturköllun friðlýsinga – endurmat átta virkjunarkosta.
- Endurmat sex virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Verklag verkefnisstjórnar gerir ráð fyrir að einstök verkefni eða knippi af verkefnum verði tekin fyrir og afgreidd jafnóðum í stað þess að afgreiða einn stóran pakka í lok skipunartíma.

5. Verklag og aðferðir

Ákveðið að skoða aðferðafræði faghóps 2 á næstu tveimur fundum og taka með þeim minnispunktum sem komu frá faghópi 2 í RÁ5.

6. Fundartímar

Ákveðið að funda á miðvikudögum (15-16:30) á tveggja vikna fresti fram á vor. Sumarfrí júní – ágúst. Formaður faghópsins fundar með verkefnisstjórn á tveggja mánaða fresti. ÁHT mun senda út fundarboð.

7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 16:30